

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi og um deiliskipulag frístundabyggða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*a) Breyting á deiliskipulagi Borgar.*

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir skólahúsnæði á svæðinu.

*b) Breyting á deiliskipulagi frístundalóðar, Kristínarkoti í landi Bildsfells/Tungu.*

Breytingin felst í að lóð Kristínarkots minnkar úr 32.000 fm í 2.500 fm.

*c) Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar, Miðborgum í landi Miðengis.*

Breytingin felst í að gönguleið frá Djúpahrauni 3 og 5 að Djúpahrauni 29 og 30 breytist í akbraut.

*d) Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ásgarðs – Sogsbakkar.*

Deiliskipulagið nær yfir um 34 ha lands þar sem gert er ráð fyrir 32 lóðum fyrir frístundahús.

Erindi þessi hafa fengið meðferð samkvæmt 25. gr. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 4. febrúar 2005.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.